Nr. 318 | 676 | 12. september 1978.

# GJALDSKRÁ
## yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum, sem við komu til landsins hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er án greiðslu gjalda, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 195/1978, skal heimilt að greiða einkasölugjald samkvæmt gjaldskrá þessari af því magni sem umfram er, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu áður en tollskoðun hófst á farangri viðkomandi:

| | | 0,375 l. | 0,50 l. | 0,75 l. | 1,0 l. |
|---|---|---|---|---|---|
| A. Áfengi: | | | | | |
| 1. Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperitivar .......... | kr. | 1 100 | 1 300 | 1 800 | 2 200 |
| 2. Íslenskar áfengistegundir ...... | — | 2 700 | | 5 000 | |
| 3. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a. .. | — | 4 200 | 5 000 | 7 000 | 8 700 |

| | | |
|---|---|---|
| B. Tóbak: | | |
| 1. Reyktóbak .................... | — | 4 600 pr. tylft eða lb. |
| 2. Vindlingar .................... | — | 4 000 pr. karton |
| 3. Smávindlar .................... | — | 600 pr. 10 stk. |
| Meðalstærð .................... | — | 3 000 pr. 25 stk. |
| Vindlar, aðrir .................. | — | 4 000 pr. 25 stk. |

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 152/1978 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 12. september 1978.*

**F. h. r.**
**Höskuldur Jónsson.**

*Sigurgeir A. Jónsson.*

**Stjórnartíðindi B 31, nr. 318. Útgáfudagur 13. september 1978.**

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.